



**698. fundur bæjarráðs Hveragerðis**  
**haldinn í fundarsal Breiðumörk 20, fimmtudaginn 21. júní 2018 kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Friðrik Sigurbjörnsson formaður, Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson, Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri.

Í upphafi fundar leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram. Bauð hann einnig Bryndísi Eir velkomna til starfa í bæjarráði en hún hefur ekki áður gengt stöðu bæjarfulltrúa.

Hér var gengið til dagskrár:

**Dagskrá:**

**1. Bréf frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 18.maí 2018. - 1806023**

Í bréfinu er gerð grein fyrir hlutverki Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. En sjóðurinn hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteingum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað folk með miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 18.maí 2018. – 1806023](#)

**2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 4.júní 2018. - 1806024**

Í bréfinu er kynnt landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Akureyri í haust. Hvergerðingar eiga þar tvo fulltrúa og hafa þeir þegar verið kosnir.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 4.júní 2018. - 1806024](#)

**3. Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 7.júní 2018. - 1806028**

Með bréfinu er boðað til aukaaðalfundar SASS í Vestamannaeyjum þann 27. júní n.k.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 7.júní 2018. – 1806028](#)

**4. Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 4.júní 2018. - 1806020**

Með bréfinu er óskað umsagnar um umsókn um rekstrarleyfi til sölu veitinga í flokki II frá



Al-Bakstri ehf, kt. 660209-0420.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að leyfið sé veitt.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 4.júní 2018. - 1806020](#)

**5. Bréf frá Jafnréttisstofu frá 29.maí 2018. - 1806018**

Í bréfinu minnir Jafnréttisstofa sveitarstjórnir á ákvæði laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna sem lúta að skyldum sveitarfélaga. Jafnframt er minnt á samráðsfund sveitarfélaga um jafnréttismál sem haldinn verður í Mosfellsbæ 20. September n.k.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Jafnréttisstofu frá 29.maí 2018. – 1806018](#)

**6. TRÚNAÐARMÁL - Bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands frá 1.júní 2018 - 1806019**

Fært í trúnaðarmálabók.

**7. Bréf frá Íslenskri orkumiðlun frá 4.júní 2018. - 1806025**

Í bréfinu, sem einnig hefur borist flestum öðrum sveitarfélögum á landinu, óskar fyrirtækið eftir upplýsingum og gögnum í tengslum við raforkukaup sveitarfélagsins.

*Bæjarstjóra falið að svara erindinu.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Íslenskri orkumiðlun frá 4.júní 2018. - 1806025](#)

**8. Samningur um lagningu og rekstur reiðveggar um Litla- Saurbæ, Stóra-Saurbæ og Öxnalæk spildu. - 1806022**

Lagður fram samningur milli Hveragerðisbæjar, Tálkna ehf og Hestamannafélagsins Ljúfs vegna lagningar reiðveggar um lönd í eigu Tálkna ehf.

*Bæjarráð fagnar áformum Hestamannafélagsins Ljúfs um lagninu reiðstígs en með honum mun skapast nauðsynleg tenging við þá reiðstíga sem fyrir eru. Lega stígsins er í fullu samræmi við gildandi aðalskipulag. Gerð stígsins er án kostnaðar fyrir bæjarfélagið. Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur bæjarstjóra að undirrita hann.*

Fylgigögn:

[Samningur um lagningu og rekstur reiðveggar um Litla- Saurbæ, Stóra-Saurbæ og Öxnalæk spildu. – 1806022](#)

**9. Tónlistarskóli Árneseinga - Ný áætlun og kostnaðarskipting. - 1806026**

Með bréfinu er send ný fjárhagsáætlun tónlistarskólans vegna ársins 2018 og endurnýjuð kostnaðarskipting á milli sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að endurskoða áætlunina vegna nýs kjarasamnings tónlistarkennara og vegna afborgunar á láni sem tekið er vegna Brúar líffeyrissjóðs.

*Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi breytingar á fjárhagsáætlun tónlistarskólans.*



Fylgigögn:

[Tónlistarskóli Árneseinga - Ný áætlun og kostnaðarskipting. – 1806026](#)

[Tónlistarskóli Árneseinga - Ný áætlun og kostnaðarskipting. – 1806026](#)

[Tónlistarskóli Árneseinga - Ný áætlun og kostnaðarskipting. – 1806026](#)

#### 10. Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands frá 15.maí 2018. - 1806029

Í bréfinu er tilkynnt að Hveragerðisbær hafi hlotið styrk úr Styrktarsjóði EBÍ til gerðar söguskiltis við Hveragerðiskirkju. Styrkurinn nemur kr. 390.000,-.

*Bæjarráð þakkar góðar viðtökur við styrkumsókn bæjarins og felur menningar- og frístundafulltrúa að sjá um gerð skiltisins sem gera myndi grein fyrir sögu kirkjustarfs í og við Hveragerði í gegnum árin.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands frá 15.maí 2018. - 1806029](#)

#### 11. Auka - Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. - 1806033

Í bréfinu er boðað til aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands í Vestmannaeyjum þann 27. júní n.k.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Auka - Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. – 1806033](#)

#### 12. Bréf frá Fullveldi Íslands frá maí 2018. - 1806034

Í bréfinu er kynnt starf afmælisnefndar vegna hátíðahalda og viðburða í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Sveitarfélög eru hvött til að taka virkan þátt í afmælisárinu og nýta fjölbreytt fræðslufni sem finna má á vefsíðu afmælisnefndar. Einnig er kynnt tilboð á fánum sem öllum standa til boða.

*Bæjarstjóra falið að koma upplýsingunum til skólustjóra leik- og grunnskóla og að sjá um að viðburðir í tilefni af afmælisárinu sem fram fara hér í Hveragerði verði vel kynntir. Ennfremur er umhverfisfulltrúa falið að kaupa nokkra fána með merki afmælisins og flagga þeim á áberandi stað í bæjarfélaginu í sumar.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Fullveldi Íslands frá maí 2018. – 1806034](#)

[Bréf frá Fullveldi Íslands frá maí 2018. – 1806034](#)

#### 13. Bréf frá sjónvarpstöðinni Hringbraut ódagsett. - 1806021

Með erindinu er Hveragerðisbæ boðin þátttaka í sjónvarpsþáttunum Súrefni sem fjalla um umhverfisvernd og er ætlað að auka umhverfisvitund almennings.

*Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að taka þátt í verkefninu.*

Fylgigögn:

[Bréf frá sjónvarpstöðinni Hringbraut ódagsett. – 1806021](#)

#### 14. Bréf frá Lyftingafélaginu Hengli frá 4.júní 2018. - 1806041

Í bréfinu er gert grein fyrir áformum félagsins um að halda hér í Hveragerði



Norðurlandamót fullorðinna í ólympískum lyftingum. Verður mótið haldið í október. Óskar félagið eftir stuðningi bæjarins við mótshaldið.

*Bæjarráð samþykkir að greiða götu mótsins með því að sjá um flutninga keppenda og fylgdarliðs þeirra til og frá Keflavíkurflugvelli. Jafnframt verði keppendum boðinn endurgjaldslaus aðgangur að Sundlauginni Laugaskarði á meðan á mótinu stendur.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Lyftingafélaginu Hengli frá 4.júní 2018. - 1806041](#)

**15. Bréf frá Tónlistarskóla Árnesinga frá 8.júní 2018. - 1806027**

Í bréfinu kemur fram að 47 nemendur frá Hveragerði eru nú skráðir til náms næsta vetur við Tónlistarskólann. Enn eru samt 10 nemendur á biðlista og hefur þeim fjölgað á milli ára. Óskar skólinn eftir auknum kennslukvóta frá bæjarfélaginu svo mögulegt sé að koma til móts við fjölgun á biðlista.

*Bæjarráð samþykkir að auka kennslukvóta um tvær klukkustundir næsta vetur. Kostnaður við aukninguna nemur kr. 1.130.000,-.*

*Kostnaðrauka vegna þessa og eins vegna hækkaðs framlags vegna launahækkana hjá Tónlistarskólanum verði mætt með aukningu á tekjulið útsvars.*

Fylgigögn:

[Bréf frá Tónlistarskóla Árnesinga frá 8.júní 2018. – 1806027](#)

**16. Verkfundur - "Gatnagerð Vorsabæ" frá 28. maí 2017. – 1806031**

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

Fylgigögn:

[Verkfundur - "Gatnagerð Vorsabæ" frá 28. maí 2017. – 1806031](#)

**17. Verkfundur - "Fráveitulögn Sunnumörk - Austurmörk" frá 29. maí 2018. - 1806032**

*Fundargerðin samþykkt samhljóða.*

Fylgigögn:

[Verkfundur - "Fráveitulögn Sunnumörk - Austurmörk" frá 29. maí 2018. - 1806032](#)

**18. Fundargerð stjórnar Bergrisans frá 8.maí 2018. - 1806037**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Bergrisans frá 8.maí 2018. - 1806037](#)

**19. Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga frá 30.apríl 2018. - 1806035**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga frá 30.apríl 2018. – 1806035](#)

**20. Fundargerð stjórnar SASS frá 3. og 4.maí 2018. - 1806038**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*



Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar SASS frá 3. og 4.maí 2018. - 1806038](#)

**21. Fundargerð stjórnar SASS frá 1.júní 2018. - 1806039**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar SASS frá 1.júní 2018. – 1806039](#)

**22. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18.maí 2018. - 1806036**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgigögn:

[Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18.maí 2018. - 1806036](#)

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:50**

Friðrik Sigurbjörnsson

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir

Njörður Sigurðsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Helga Kristjánsdóttir